

19. Stjórnarfundur Landssambands ungmannafélaga

5. febrúar 2018, Hitt Húsið, Reykjavík kl. 17:00

Mætt eru: Sigurður Helgi Birgisson (SHB), Sara Sigurðardóttir (SS), Marinó Örn Ólafsson (MÖÓ), Laufey María Jóhannsdóttir (LMJ), Guðbjört Angela Mánadóttir (GAM) og Ólafur Hrafn Halldórsson (ÓHH), ásamt Tinna Isebarn (TI) frkvstj.

Forföll boðaði: Una Hildardóttir (UH)

Fundur settur 17:10

Dagskrá:

1. **Fundargerð 18. stjórnarfundar** var samþykkt.
2. **Fundargerð 3. fulltrúaráðsfundar** var samþykkt.
3. **Upplýsingar frá framkvæmdastjóra:**
 - a. TI hefur verið beðin um að halda erindi um lækkun kosninaaldurs á umræðufundi Norræna félagsins þann 13. febrúar.
 - b. **#ÉgKýs 2018:**
 - i. Framhaldsskólarnir eru byrjaðir að boða þátttöku sína.
 - ii. Sótt hefur verið um styrk í Innflytjendasjóð til þess að þýða efni #ÉgKýs yfir á ensku.
4. **Mennta- og menningarmálaráðuneytið býður fjórum fulltrúum LUF á samráðsfund** vegna mögulegs verkefnis og áherslna á formennskuári Íslands í Norrænu ráðherranefndinni árið 2019. Ákveðið var að LMJ og ÓHH fara fyrir LUF ásamt því að bjóða fulltrúa frá SÍF og einum úr fulltrúaráði.
5. **Framtíð LSÍ:** Umsóknarfrestur til að sækja um í Æskulýðssjóð rennur út 15. febrúar. TI kynnti drög að umsókn sem var samþykkt.
6. **Alþjóðamál:** TI kynnir skýrslu um UN ECOSOC Youth Forum fyrir stjórn.
7. **Sambandsþing 25. febrúar:** Fundarboð ásamt fundargögnum þarf að berast til aðildarfélaganna eigi síðar en 10. febrúar. Var TI falið að ganga frá fundarboði, fundargögnum, bjóða mennta- og menningarmálaráðherra sem heiðursgest og hafa samband við skoðunarmenn reikninga. MÖÓ var falið að sjá um að bóka fundarstað. Stefnudrögin og afurð stefnumótunarfundar verður á ábyrgð stjórnar að vinna úr.
8. **Síðasti stjórnarfundurinn:** Þriðjudaginn 20. febrúar kl. 18:00.
9. **Önnur mál:** TI og LMJ ljúka við glærur fyrir stefnumótunarfundinn á eftir.

Fleira ekki rætt og fundi slitið 17:50

TI ritaði fundargerð.